

# Hagnýt greind

Howard Gardner er ekki sá eini sem hefur sett fram kenningu um fjölbreyttar greindir. Dr. Robert Sternberg prófessor við Yale-háskóla setti fram þrenndarkenningu sína 1985. Kenningin fjallar um greinandi hugsun (hæfileika til að leysa mál og meta hugmyndir), skapandi hugsun (hæfileika til að setja fram nýjar og snjallar lausnir) og hagnýta hugsun (hæfileika til að nýta eigin hugmyndir á árangursríkan hátt). Hann skilgreindi hagnýta greind sem hæfileika til að skilja umhverfi sitt og nota þá þekkingu til að úthugsa hvernig best er að ná eigin markmiðum. Gardner og Sternberg hafa, ásamt fleiri starfsfélögum sínum, skrifað bókina *Practical Intelligence for School* (1996). Þar er lögð áhersla á að hagnýt greind sé lífsleikni en nemendur fái of sjaldan tilsögn í að beita henni. Bókin byggist á ýtarlegum rannsóknum og daglegu starfi í mörgum ólíkum skólum og hafa rannsakendur og kennarar greint fimm meginþætti sem kjarna hagnýtrar greindar.

## 1. Að vita hvers vegna

Hvers vegna er skóli til? Hvers vegna þurfa nemendur að læra að lesa, skrifa, sinna heimanámi og taka próf? Ef nemendur eiga að ná góðum árangri verða þeir að vita tilganginn með skólaverkefnum og hvaða máli nám skiptir fyrir líf þeirra núna og í framtíðinni.

## 2. Að þekkja sjálfa(n) sig

Hverjar eru sterkar og veikar hliðar nemanda, venjur og áhugamál? Aðferðir við sjálfsmat geta hjálpað nemendum að skilja vinnuvenjur sínar, hvaða námsviðfangsefni höfða til þeirra og einbeita sér síðan að því að byggja á styrkleika sínum og draga úr veikum hliðum.

## 3. Að gera greinarmun á eðli námsgreina

Á hvern hátt eru námsgreinar ólíkar hvað varðar innihald, námsaðferðir og dæmigerð próf? Á hvern hátt er öðruvísi að læra fyrir stærðfræðipróf en samfélagsgreinar? Eru þær kröfur sem skólinn gerir líkar eða ólíkar þeim kröfum sem mæta nemendum utan skólans? Þegar nemendur átta sig á hvað er líkt og hvað ólíkt með vinnuáðferðum mismunandi námsgreina eiga þeir betra með að velja aðferðir og verklag við hæfi.

## 4. Að þekkja vinnuferli

Hvað gerir nemandi sem strandar? Hvaða skref þarf að taka í námi? (gera áætlun, leita heimilda ...) Þegar nemendur einbeita sér að vinnuferlinu og greina sjálfir hvað þeir þurfa að leysa geta þeir valið aðferðir við hæfi og leitað heimilda.

## 5. Að endurskoða, umskrifa

Er fyrsta uppkast að verkefni nógu gott? Trúlega ekki. Oft virðist ekki taka því að eyða tíma í að lesa vel yfir og breyta og bæta en þeir sem það gera uppskera laun erfiðis síns.

